

Að veita tækifæri
í sjálfbærnu samfélagi



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Ársskýrsla 2023

Sólheimar ses.

Stofnandi: Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir
(1902 – 1974)

Fulltrúaráð 2022

Arna B. Einarsdóttir
Edda Björgvinsdóttir
Hákon Hákonarson
Jóhann G. Jóhannsson
Margrét Leifsdóttir
Ólafur G. Gústafsson
Sigríður Jóna Friðriksdóttir
Sigprúður Ármann
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Björg Fenger
Guðjón Óskar Guðmundsson
Hildur Ómarsdóttir
Magnús Ólafsson
Margrét Tómasdóttir
Ómar Einarsson
Sigurjón Örn Þórsson
Sr. Valgeir Ástráðsson

Formaður fulltrúaráðs Sólheima ses.: Sigurjón Örn Þórsson
Endurskoðandi: Ómar Davíðsson, löggiltur endurskoðandi
Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga:
Ólafur G. Gústafsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Arkitekt: Árni Friðriksson

Framkvæmdastjórn Sólheima 2022

Sigurjón Örn Þórsson, stjórnarformaður
Magnús Ólafsson, varaformaður
Hildur Ómarsdóttir
Ómar Einarsson
Arna B. Einarsdóttir
Jóhann G. Jóhannsson, varamaður
Framkvæmdastjóri Sólheima:
Kristín Björg Albertsdóttir, til 31.05.2023
Kristinn Ólafsson tók til starfa 01.06.2023

Bókhalds- og launafulltrúi: Anna María Daníelsdóttir
Gæðastjóri: Valgerður Helga Einarsdóttir
Forstöðumaður Gistih. og Sesseljuhúss: Anna Þuríður Pálsdóttir
Forstöðumaður í Undirhlíð og brekku: Aðalbjörg Jensdóttir
Forstöðuproskaþjálfari Fögrubrekku: Dagný Davíðsdóttir
Forstöðuproskaþjálfari Bláskóga: Elfa Björk Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Atvinnu- og virknisviðs: Karen Ósk Thomsen Sigurðardóttir
Þjónustustjórar: Anna Fía Finnsdóttir og Þórður Jónsson
Félagsmálafulltrúi: Valgeir Fridolf Backman
Proskaþjálfarar: Fanný Björk Ástráðsdóttir og Hallbjörn V. Friðhólm Rúnarsson
Forstöðumaður viðhalds og framkvæmda: Þorvaldur Kjartansson
Forstöðumaður Garðyrkjustöðvarinnar Sunnu: Jónína Kjartansdóttir
Forstöðumaður Skógræktarinnar Ólurs: Eiður Eypórsson

Ritstjóri ársskýrslu: Valgeir Fridolf Backman
Ábyrgðarmaður: Kristinn Ólafsson
Mynd á forsíðu: Guðjón Gísli Kristinnsson
Umbrot: Fókus, Prentun: Guðjón Ó.

Sólheimar ses.

kt. 610269-4519, Sólheimum Grímsnesi, 805 Selfoss. s. 422-6000.
solheimar@solheimar.is - www.solheimar.is

Hlutverk Sólheima

Hlutverk og markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt á kristnum gildum og hugmyndum mannspeki, sem veitir íbúum tækifæri til að vaxa, þroskast og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Starfsemi Sólheima og aðstaða er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun sem býr yfir starfsgetu. Við bjóðum gesti sérstaklega velkomna hvort sem þeir hafa áhuga á samfélaginu sjálfu, vilja nýta hugmyndafræði okkar til að bæta eigið líf eða leggja okkur lið með beinum hætti í gegnum atvinnurekstur okkar.

Sólheimar - byggðahverfi

Á Sólheimum er lítið byggðahverfi með um 100 íbúa, þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi og mannvirðing er í öndvegi. Þar eru tengsl náttúru, mannlífs og byggðar einstök.

Náttúran

Á Sólheimum er náttúrunni sýnd virðing og leitast við að vernda náttúrulega ferla og stuðla að umhverfisvernd og vitund eins og frekast er unnt.

Atvinnulífið

Á Sólheimum er þátttaka fatlaðs fólks í atvinnulífinu í öndvegi. Atvinnustarfsemi í þorpinu byggir m.a. á lífrænni ræktun, garðyrkju, skógrækt, handverki og sköpun úr náttúruafurðum, auk ferðaþjónustu og umhverfistengdri fræðslustarfsemi.


Menningarlífið

Á Sólheimum er öflugt menningarlíf. Þar er lögð stund á tónlist og leiklist og sett upp leikrit á hverju ári. Þá er sett upp listsýning í byrjun sumars í listsýningarsal Völu/Grænu. Einnig er haldin röð tónleika í Sólheimakirkju alla laugaradaga yfir sumarið í tengslum við Menningarveislu Sólheima, þar sem fram koma ýmsir listamenn. Á Sólheimum er starfrækt bæði ípróttafélag og skátáfélag.


Samfélagið

Á Sólheimum er samheldið og fjölbreytt samfélag þar sem ríkir traust og virðing milli íbúa. Hver einstaklingur er mikilvægur og hefur hlutverki að gegna í samfélaginu.

Gildi Sólheima eru kærleikur, virðing, sköpunargleði og fagmennska.



Ávarp formanns



Afmælisdagur Sólheima, 5. júlí, rann upp bjartur og fagur. Þá var þess minnst að 93 ár voru liðin frá því að Sesselja Hreindís, þá aðeins 28 ára gömul, flutti að Hverakoti ásamt fimm börnum og stofnaði Sólheima. Byggðarhverfið sem og íbúar skörtuðu sínu fegursta í tilefni dagsins og tók fagnandi á móti verndarenglum Sólheima og velgjörðarmönnum úr Lionsklúbbum Ægi. Langþráð stund var runnin upp. Fyrir dyrum stóð vígsla á Gerplu nýju baðhúsi og endurbótum á sundlaugarsvæði Sólheima.

Mikil spenna og eftirvænting ríkti meðal íbúa Sólheima eftir að sundlaugin opnaði að nýju enda framkvæmdir staðið yfir í rúm þrjú ár.

Sundlaugin var upphaflega gjöf frá Byggingarfélaginu Goða sem var í eigu athafnamannsins Odds Jónssonar kenndur við Glæsi árið 1942. Henni var fundinn staður við hliðina á Sólheimahvernum af augljósum ástæðum, steinsnar frá Sólheimahúsi. Sundlaugin var síðan endurbyggð fyrir tilstilli Lionsklúbbsins Ægis árið 1980 og nú 43 árum síðar eiga Lionsmenn í Ægi enn stóran þátt í að endurgera húsnæði og aðstöðu sundlaugarinnar með rausnarlegum framlögum sínum og öflugum samstarfi við Styrktarsjóð Sólheima. Endurbætt aðstaða eykur mjög á gæði íbúa til æfinga, afþreyingar og slökunar og hefur verið mikið nýtt frá vígslu.

Því var fagnað á Sólheimum í Grímsnesi þegar stytta af Reyni Pétri Ingvarssyni, göngugarpi kom heim eftir áratuga fjarveru. Stytta var gjöf til Sólheima frá Frey Friðrikssyni, eiganda Kapp ehf. Samhliða móttöku styttunnar, var 75 ára afmælisdegi Reynis Péturs fagnað að viðstöddum forseta Íslands, dómsmálaráðherra og Ómari Ragnarssyni ásamt íbúum, fjölskyldu og vinum auk Ríkeyjar Ingimundardóttur höfundar styttunnar af Reyni Pétri. Mikil gleði ríkti þennan dag og ávörp voru haldin. Þjóðargersemin Ómar Ragnarsson fór á kostum, en Ómar átti mörg skemmtileg og fróðleg viðtöl við Reyni Pétur á meðan á Íslandsgöngunni stóð. Reynir Pétur varð frægur og dáður meðal þjóðarinnar fyrir göngu sína hringinn í kringum Ísland. Stytta er nú til sýnis í sýningarsal Sólheima en mun til frambúðar prýða anddyri Íþróttaleikhússins til minningar um afrek göngugarpsins.

Sólheimar og Bergisinn hafa undirritað nýjan samning um þjónustu við íbúa



Sólheima til næstu fimm ára. Samningurinn er gerður á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og gerir ráð fyrir að áfram veiti Sólheimar 43 einstaklingum þjónustu. Samstarf Bergisins og Sólheima um þjónustu við fatlaða einstaklinga sem eru búsettir á Sólheimum hefur staðið allt frá því að sveitarfélögum var falin umsjá með málefnum fatlaðs fólks árið 2011. Samstarfið hefur gengið vel og gagnkvæm ánægja ríkir meðal aðila með þjónustuna og traust ríkir í samskiptum.

Framkvæmdastjórnarskipi urðu á árinu. Kristín Björg Albertsdóttir sem sinnti starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2019 með sóma lét af störfum að eigin ósk s.l. vor. Kristinn Ólafsson sem áður sinnti starfi rekstrarstjóra á Sólheimum var ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra til næstu fimm ára og eru honum færðar bestu óskir í nýju og spennandi starfi.

Sólheimar njóta þess að búa við mikinn mannauð. Fyrir hönd stjórnar Sólheima vil ég þakka öllum starfsmönnum Sólheima fyrir skapandi og metnaðarfullt starf á árinu. Á sama tíma þakka ég stjórnarmönnum í stjórn Sólheima og fulltrúaráðsmönnum ánægjulegt samstarf og góða samstöðu. Eins frumkvöðull Sólheima var gjörn að segja þá leggst okkur á Sólheimum eitthvað til og þannig var það líka þetta starfsárið.

Með góðri kveðju
Sigurjón Örn Þórsson

FÉLAGSPJÓNUSTA - HEIMILISSVIÐ

Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir fæddist 5. júlí 1902
Hún lést 72 ára 8. nóvember 1974

Félagsþjónusta Sólheima

Félagsþjónusta Sólheima veitir fötluðum einstaklingum persónu- miðaða þjónustu, stoðþjónustu og stuðning við búsetu, atvinnu- og félagsstarf sem byggir á samningi Sólheima við Berggrísann bs., sem er byggðasamlag sveitafélaga á Suðurlandi í málefnum fatlaðra. Skilgreind búseturými á Sólheimum fyrir íbúa með fötlun eru 45 talsins.

Öll búseturými eru fullskipuð og biðlisti er eftir búsetu. Markmiðið er að auka og viðhalda færni og sjálfstæði íbúanna og veita einstaklingsbundna þjónustu, í samræmi við lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Tvennskona íbúðakostir eru á Sólheimum og er úthlutað eftir þörfum og óskum viðkomandi.

Sérbýli/þjónustuíbúðir

Meirihluti íbúa, eða 24 einstaklingar búa í sjálfstæðri búsetu í einstaklingsíbúðum sem eru 50 - 85 fm. að stærð með sérinngangi, auk tveggja einbýlishúsa sem eru yfir 100 fm. Þar starfa sex starfsmenn á vöktum í jafnmörgum stöðugildum.

Þjónustukjarnar

Fimm þjónustukjarnar eru á Sólheimum.

Steinahlíð er herbergjasambýli þar sem búa fjórir einstaklingar.

Brautarholt og **Sumarhús** samanstanda af þremur einstaklingsíbúðum í hvoru húsi með sameiginlegu þjónusturými og starfsmannaaðstöðu.

Í þessum þjónustukjörnum eru samtals níu stöðugildi sem skiptast á jafnmarga starfsmenn.

Fagrabrekka samanstendur af tveimur einstaklingsíbúðum með sameiginlegu þjónusturými og starfsmannaaðstöðu. Þar eru sex stöðugildi sem skiptast á sjö starfsmenn.

Bláskógar samanstanda af níu einstaklingsíbúðum með sameiginlegu þjónusturými. Í Bláskógum búa að jafnaði elstu íbúarnir. Þar eru ellefu stöðugildi sem fjórtán starfsmenn skipta með sér.

Í Bláskógum og Fögrubrekku er sólarhringsþjónusta en í öðrum íbúakjörnum er næturviðvera.

Á heimilissviði starfa þrír forstöðumenn heimila, tveir proskapjálfar og eru tveir þjónustustjórar á vöktum með þjónustu/vaktsíma um nætur fyrir þjónustuíbúðir.



Vinnustofur Sólheima



Fyrstu börnin komu að Sólheimum 5. júlí 1930.
Búið var í tjöldum til 4. nóvember
en þá var flutt í kjallara Sólheimahússins.

Á atvinnu- og virknisviði Sólheima eru starfræktar fimm vinnustofur þar sem þjónustunotendur Sólheima geta sótt vinnu og virkni. Vinnustofurnar eru kertagerð, leirgerð, lista- og vefstofa, garðyrkjustöð og trésmiðja. Fjölbreytt virkni stendur fólki til boða á vinnustofunum ýmist í listsköpun, handverksgerð, framleiðslu nytjahluta, ræktun matjurta, þökkun og flokkun.

- Vinnustofur Sólheima settu að venju upp fallega sumarsýningu í listsal Grænu könnunnar og í ár sá Ármann Eggertsson um formlega opnun sýningarinnar ásamt Kristni Ólafssyni.
- Listaverk eftir fimm listamenn frá Sólheimum prýddu listaverkaalmanak Proskahjálpar 2023. Listamennirnir eru: Einar Baldursson, Guðjón Gísli Kristinsson, Helga Dómhildur Alfreðsdóttir, Kristján Ellert Arason og Sigtryggur Einar Sævarsson.
- Í byrjun árs opnaði samsýning í Nýlistasafni Íslands og var Guðjón Gísli Kristinsson einn sýnenda. Guðjón Gísli opnaði einnig stóra einkasýningu á útsaumsverkum sínum í Listasafni Akureyrar, sú sýning stóð frá mars fram í miðjan ágúst. Báðar þessar sýningar voru hluti af listahátíð Listar án landamæra.
- Kristján Atli Sævarsson hélt tvö námskeið í sköpun með brennipenna fyrir starfsfólk SmíRey hjá Virknimiðstöð Reykjavíkur, annað námskeiðið var haldið í Reykjavík, en hitt í trésmiðju Sólheima.
- Farið var í tvær stórar vettvangsheimsóknir á haustmánuðum, önnur var til Póstsins og hin í Ás vinnustofu í Ögurhvarfi í Reykjavík.

Kertagerð

Í kertagerð voru framleidd útikerti, bývaxkerti og bývaxklútar, auk þess sem mikið var pakkað af lífsýnaglösum fyrir Íslenska erfðagreiningu. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þessum kertum, ekki síst á jólamarkaði Sólheima í Kringlunni.

Trésmiðja

Í trésmiðju var ýmiskonar varningur búinn til fyrir Verslunina Völu og



unnið var að endurskipulagi vinnurýmisins. Trésmiðjustarfsfólk tók einnig að sér mörg verkefni og smíði fyrir aðrar starfsstöðvar á Sólheimum.

Lista- og vefstofa

Í lista- og vefstofu var málað, teiknað, ofið, þæft, prjónað og saumað. Ásamt því var mikið unnið úr endurunnum pappamassa.

Leirgerð

Í leirgerðinni fór fram nokkuð hefðbundið starf, en þar var unnið að listmótun í leir af kappi ásamt nytjahlutaframleiðslu.

Sunna

Í garðyrkjustöðinni Sunnu fór í gang vinnustofa á árinu. Ræktaðar eru ýmsar afurðir sem nýttar eru í mótuneyti Sólheima og seldar í Versluninni Völu. Þar má nefna, tómata, kryddjurtir, kál, eggaldin, jarðarber, vínber, banana og ýmislegt fleira.

Jurtastofa

Snyrtivörurnar okkar eru handgerðar og innihaldsefnin sem notuð eru í framleiðslu þeirra koma frá vottuðum lífrænum fyrirtækjum. Auk þess eru notaðar jurtir sem eru handtíndar á Sólheimum.

Í Jurtastofu eru framleiddar vörur eins og barsápur, fljótandi sápur, baðsölt, krem, nuddolíur og varasalvar. Vörurnar njóta mikilla vinsælda og fást allt árið um kring í Versluninni Völu og í vefverslun.



Sólheimakirkja

Árið 2011 færðu mæðginin Björgvin Magnússon heitinn og Edda Björgvinsdóttir Sólheimakirkju afrit af Guðbrandsbiblíu í vönduðu leðurbandi.

Sólheimakirkja

Kirkjustarfið var nokkuð hefðbundið í Sólheimakirkju þetta árið. Kirkjuklukkan á Sólheimum ramar inn daginn, en á virkum dögum slær hún kl. 9:00 og morgunfundur hefst, svo klukkan 12:00 fyrir hádegismat og í lok vinnudags klukkan 16:00.

Messuhald var með minnsta móti þetta árið en kirkjusókn á Sólheimum er þó ávallt mjög góð. Að meðaltali eru 30 kirkjugestir viðstaddir athafnir í kirkjunni sem er um 30% af íbúafjölda Sólheima.

Aðventugarðurinn var á sínum stað fyrsta sunnudag í aðventu og hefur hátíðin verið haldin með svipuðum hætti í 93 ár. Aðventugarðurinn er íbúum mikils virði og einn af hornsteinum menningar-samfélagsins. Þegar aðventugarði líkur er íbúum Sólheima boðið á jólahlaðborð í Vigðisarhúsi.

Íbúar Sólheima eru virkir þátttakendur í kirkjustarfinu, en kirkjuvörður og vígður meðhjálpari er Gunnlaugur Ingimarsson, kertavörður er Arna María Andrésdóttir og lokabæn les María K. Jacobsen. Organisti við kirkjuna og forsöngvari er Ester Ólafsdóttir og hefur verið frá vígslu kirkjunnar öllum til mikillar gleði. Sr. Dagur Fannar Magnússon í Skálholts- og Mosfellsprestakalli kom að nokkrum messum.

Við erum afar þakklát fyrir störf þessa góða fólks fyrir samfélagið.

Sólheimakirkja sem tónleikahús

Það eru einstök hljómgæði í Sólheimakirkju og því kjörið að lyfta upp tónlistarstarfi og menningu. Margir kórar og tónlistarfólk nýta sér kirkjuna sem æfinga- og tónleikahús og oftast en ekki enda æfingar á að bjóða íbúum og nágrennum á tónleika.



Menningarstarf á Sólheimum

Einn helsti styrkleiki Sólheima er öflugt og fjölbreytt félags-, tómstunda- og menningarstarf. Starfsáætlun ársins var þétt skipuð og fjölbreytt. Lífið er leikur einn! söng stórvinur Sólheima, Raggi Bjarna. Það hefur löngum verið þekkt að öflugt og fjölbreytt félags- og tómstundastarf er iðkað á Sólheimum. En það er okkar sterka trú að skipulagt félagstarf, sem alltaf hefur verið ríkur þáttur í starfi Sólheima, eflir og auðgi einstaklinginn og gefi lífinu aukið gildi og fegurð. Allir geta verið virkir þátttakendur eða verið með á einn eða annan hátt.

Leikfélag Sólheima

Leikfélagið hélt uppteknum hætti og sýndi tæplega 1.000 gestum einstaka hæfileika á fjöllum Sólheimaleikhússins. Leiksýningin Skógarbrúðkaup leit dagsins ljós á Sumardaginn fyrsta fyrir fullu húsi. Leikfélagið rifjaði upp gömul kynni við leikstjórnann Magnús J. Magnússon en hann starfaði með leikfélaginu í gamla, gamla daga, ef svo mætti segja. Árið 1983 setti hann upp leikverkið Hópin og 1984 var sýnd leiksýningin Lífmyndir. Farið var með þá sýningu í sex vikna leikferð um Ísland og víða um Norðurlönd.

Leikfélag Sólheima starfar sjálfstætt en nýtur einstaks stuðnings félagsþjónustu Sólheima.

Formaður Leikfélags Sólheima er Dagný Davíðsdóttir.

Tónlistarstarf

Það hefur sýnt sig að markviss og skipulögð notkun tónlistar í starfi með fólki með fjölbreyttar stuðningsþarfir getur auðgað og bætt líf þeirra. Tónlist er notuð í mismunandi tilgangi á Sólheimum. Allt frá stýrðri umhverfistónlist á vinnustofum yfir í einstaklingsþjálfun á hljóðfæri. Stór þáttur af tónlistarstarfinu er einnig undirbúningur atriða fyrir sérstaka viðburði. Einn af þeim er upphafs-tónleikar Menningarveislu Sólheima þar sem koma fram listamenn frá tónlistardeild Sólheima. Árið 2023 var fókussinn á einstaklingsflutning. Þar komu fram Ármann Eggertsson á trommur og söng, Guðjón Gísli Kristinsson á trommur, Ólafur Hauksson söng og Kamma Viðarsdóttir, Rúnar Þór Birgisson og Ingólfur Andrason sungu og léku lag úr leikritinu Skógarbrúðkaup.

Á haustmánuðunum fengum við í heimsókn Svanhildi Svavarsdóttur, einhverfu sérfræðing ásamt Holly Cluff sem hefur sérhæft sig í núvitund og tengir hún hana við japanskan trommuslátt (Taiko). Holly Cluff hélt fyrir okkur þriggja vikna námskeið þar sem við uppgötvuðum hvernig er hægt að beita núvitund við nám á meðan þú spilar á taiko-trommur. Það var einstaklega skemmtilegt og góð þátttaka. Þar sem Sólheimar eiga ekki 20 japanskar Taiko trommur voru þær heimagerðar ásamt kjuðum (Batchi). Eftir námskeiðið var umsjónarmaður tónlistar útskrifaður sem Taiko Sensei og gat haldið þjálfuninni áfram. Vikulegar æfingar héldu áfram og á jólatónleikum var svo árangurinn sýndur.



Sólheimakórinn var einnig mjög virkur á árinu og kom fram við ýmis tækifæri, m.a. þegar rampur númer 825 í verkefninu „Römpum upp Ísland“ var opnaður með viðhöfn við Ingustofu. Þá söng kórinn einnig fyrir Reyni Pétur og forseta Íslands þegar sá fyrrnefndi fagnaði 75 ára afmæli sínu og forseti afhjúpaði stytta af honum.

Umsjón með tónlistarstarfinu hefur Hallbjörn V. Rúnarsson þroskajálfi á Atvinnu- og virknisviði Sólheima.

Loftið - félagsmiðstöð

Á árinu var starfið á Loftinu með svipuðu móti og fyrri ár. Þar gefst tækifæri til að taka þátt í félagslegu starfi með jafningjum, sinna áhugamálum og kynna fólk betur. Markmiðin með slíku starfi eru að efla félagsfærni, auka sjálfstæði og styrkja jákvæða sjálfmynd. Með verkefninu „Römpum upp Ísland“ var gerður myndarlegur rampur fyrir utan félagsmiðstöðina.

Mars - Margmiðlunarstöð og ÚPS - Útvarp Sólheima

MARS - Margmiðlunarstöð Sólheima framleiðir fjölbreytt margmiðlunarefni. Teknar eru ljósmyndir fyrir heimasíðuna og samfélagsmiðla. Gerð eru myndbönd um lífið á Sólheimum, af viðburðum og kynningarmyndbönd um starfsemi Sólheima ásamt fleiru. ÚPS - Útvarp Sólheima sendir út þætti á internetinu á föstudögum frá klukkan 13:00 - 16:00. Tekið er á móti óskalögum og eru gestir ávallt velkomnir í beina útsendingu. Fastir liðir eru Atburðarás Kristjáns Atla, Íþróttafréttir með Leó, Hugvekja með Gunnari, Á döfinni með Silfurskottunni, samsöngur, óskalög og viðtöl. Við höldum reglulega Bingó í beinni útsendingu. Þungarokkspátturinn Þrumufuglinn hóf göngu sína á árinu. Þátturinn er fyrir allra hörðustu rokkarana og er í stjórn Kömmu og Rúnars Þórs. Efni MARS og ÚPS er aðgengilegt í gegnum heimasíðu Sólheima.

Útvarps- og stöðvarstjóri er Pétur Thomsen en með honum vinna tækni- og dagskrárgerðarfólkið Leifur Þór, Ármann, Gunnar, María, Kristján Atli, Leó og Reynir Pétur.

Fjölheimar Selfossi

Tuttugu og fjórir einstaklingar frá Sólheimum stunduðu nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á Selfossi sem fram fór bæði á vor- og haustönn. Fjöldmörg og fjölbreytt námskeið voru í boði og má sem dæmi nefna Mál og tjáning, matreiðsla, tölvur og spjaldtölvur, lestur og ritun, enska, tónlist og smíðar.



Menningarveisla Sólheima



Hin árlega MENNINGARVEISLA Sólheima var sett laugardaginn 3. júní á Péturstorgi. Magnús Ólafsson varaformaður Sólheima setti Menningarveislu 2023. Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Sólheima og Ármann Eggertsson fóru yfir dagskrána og afhentu listamönnum rós í tilefni dagsins.

Samsýningar vinnu- og listastofa í Listhúsi Grænu könnunar voru skoðaðar og að lokum voru tónleikar hjá Stjörnuliði Sólheima í Íþróttaleikhúsinu. Dísá Sigurðardóttir söng, Ólafur Hauksson spilaði á gítar, Guðjón Gísli Kristinsson og Ármann Eggertsson spiluðu á trommur og Hallbjörn Valgeir Fríðhólm Rúnarsson stjórnaði og sá um undirleik.

Menningarveisla Sólheima stóð yfir frá 4. júní – 20. ágúst. Tónleikadagskrá Menningarveislunnar var vel heppnuð og voru tónleikar alla laugardaga þar sem fjöldi tónlistarmanna komu fram. Tónleikarnir, sem eru ókeypis, draga að sér mikinn fjölda gesta. Tónleikarnir voru ýmist haldnir á Péturstorgi undir berum himni eða í Sólheimakirkju, eftir því hvernig viðraði. Menningarveislunni lauk svo með loka minningartónleikum um Ragga Bjarna, með þeim félögum Þorgeiri Ástvaldssyni, sem hefur stýrt og haldið utan um þessa minningu vinar síns og félaga ásamt þeim Björgvini Franz og Ásgeiri Páli. Segja má að þessir tónleikar hafi verið hápunktur Menningarveislunnar á eftir Sólheimakórnum auðvitað.





Reynir Pétur kominn heim"


Íslandsgangan 1985 hafði mikil áhrif á þjóðina og landsmenn muna enn vel eftir henni. Ríkey Ingimundardóttir listamaður hreift með og gerði stytta af Reyni. Á tíma var talað um að stytta væri týnd en fyrir rúmu ári síðan eignaðist KAPP ehf styttuna í þeim tilgangi að afhenda hana Sólheimum til varanlegrar eignar. Freyr Friðriksson, eigandi KAPP ehf afhenti styttuna formlega.

Á 75 ára afmælisdegi Reynis Péturs Steinunnarsonar, íbúa á Sólheimum, var stytta af honum afhent Sólheimum til eignar. Guðni Th. Jóhannesson forseti ásamt Reyni Pétri afhjúpuðu styttuna að viðstöddu fjölmenni í listhúsi Grænu könnunnar þar sem stytta er staðsett. Hrósaði Guðni Reyni Pétri fyrir að vera góð fyrirmynd og þátt hans í að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks.

Kór Sólheima söng afmælissönginn og Reynir Pétur tók síðan til máls fjallaði um að tilgangur ferðarinnar hafi verið að opna umræðu um viðhorf til fatlaðs fólks, að fá sálarfrið og sjá landið sitt, að vera fyrstur til að ganga þjóðveg 1 og síðan að safna fyrir íþróttaleikhúsi. Hjá Reyni stóð upp úr á Íslandsgöngunni, allt fólkið sem labbaði með honum í nánast hverjum einasta bæ sem hann labbaði gegnum. Í lokin tók svo Reynir Pétur lagið á munnhörpunni eins og honum er einum lagið.



Sundlaug Sólheima




Á afmælisdegi Sólheima og Sesselju þann 5. júlí var sundlaug Sólheima formlega vígð og nefnd GERPLA.

Fyrstu skóflustungu að nýju baðhúsi tók Magnús Ólafsson varaformaður stjórnar Sólheima þann 8. maí 2020. Húsameistari Sólheima Árni Friðriksson hannaði bygginguna eins og hann hefur gert mjög víða á Sólheimum. Verkefnið hefur maut traustar forystu Þorvaldar Kjartanssonar byggingarsjóra og Valgeir Backman sem tryggðu framgang verskins. Sólheimasamfélagið lagi sitt að mörkum með söfnun sinni í sundlaugarsjóð sem lagt hefur fjármuni til verkefnisins.



Stjórnarformaður Sólheima, Sigurjón Örn Þórsson, bauð gesti velkomna hélt stutta tölu um verkið. Það kom í hlut Ómars Ólafssonar formanns líkarnefndar Lionsklúbbsins Ægis að klippa á borðann og opna starfseminu á nýjan leik og naut til þess aðstoðar Reynis Péturs og Erlu Bjarkar. Eiginkona Ómars, Sigríður Eysteinsdóttir, bar að því loknu ljós inn í nýja baðhúsið og séra Valgeir Ástráðsson fyrrverandi formaður stjórnar Sólheima og núverandi fulltrúaráðsmaður blessaði nýju húsakynnin.



Fyrsta heimsókn Lionsklúbbsins Ægis til Sólheima var í desember 1957. Klúbburinn var stofnaður 6. mars 1957.

Lionsfélagar og aðrir góðir gestir sóttu okkur heim og auðvitað þurfti tvo hrausta til að taka fyrstu dýfu í nýju laugina. Þeir Ebeneser Bárðarsson og Guðjón Gísli Kristinsson voru síðastir upp úr gömlu lauginni og því tilvalið að fá þá félagar, reyndar að þeirra ósk, til að verða fyrstir í uppgerða GERPLU laug. Gestir þáðu kaffi í Vigdísarhúsi og deginum svo lokað með tónleikum Bergljótar Arnaldsdóttur í Sólheimakirkju.

Fjölskyldudagurinn

Opni dagurinn og Skátadagurinn á Sólheimum var haldin 20. ágúst. Þetta var mikill veisla og vel sótt. Í boði voru fyrirlestrar, fróðleikur og leikir. Magnús Ólafsson varaformaður Sólheima bauð gesti velkomna, Edda okkar Björgvinsdóttir sagði frá Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur lífi hennar og starfi á skemmtilegan og upplifgandi hátt. Lárus Sigurðsson fjallaði um mannspeki og Hallbjörn Valgeir Fríðhólm Rúnarsson hélt erindi um lífið á Sólheimum frá 1930 - 2023. Að lokum fjallaði aðstandandi fatlaðs einstaklings um baráttu þeirra við kerfið.



Skátafélag Sólheima var með skipulagða dagskrá fyrir börn, stór og smá á túninu. Boðið var upp á trampolín, frísbíkörfu og víkingabát ásamt hoppukastala sem var við Sólheimahús. Þetta var vel heppnaður lokadagur Menningarveislu Sólheima.



Lífrænt hvað! Lífræn ræktun og framleiðsla - horft fram á veginn

Sólheimar í Grímsnesi hafa beitt sér fyrir lífrænni ræktun frá upphafi starfseminnar árið 1930.

Efnt var til málþings um lífræna ræktun og framleiðslu í Vigdísarhúsi, Sólheimum þann 6. október. Þar stigu á stökk bæði vísindamenn á sviði ræktunar, lífrænir bændur og ræktendur og fjölluðu um helstu álitæfni lífrænnar ræktunar í dag frá mörgum hliðum. Að auki var kynning á skýrslu Environice um stöðu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og tillögur til stjórnvalda.

Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, Kristján Oddsson, mjólkurframleiðandi á Hálsi í Kjós, Þórður G. Halldórsson fyrrverandi garðyrkjubóndi á Akri í Laugarási, Erla H. Gunnarsdóttir verkefnastjóri Lífrænt Ísland og Stefán Gíslason framkvæmdastjóri Environice. Málþingið tókst með miklum ágætum, var vel sótt og vakti mikinn áhuga og umræðu. **Næsta málþing á Sólheimum verður 2024 um skógrækt á Íslandi „Hver er heildarmyndin“.**

Sólheimahús

Sýningin „Í Sólheimahúsi“ sögusýning var opin fyrir gesti og gangandi.

Á vetrarmánuðum er safnið opið eftir samkomulagi. Þar leynist alls kyns fróðleikur um sögu Sesselju og þróun Sólheima í gegnum tíðina. Margir upprunalegir munir, leikföng og hljóðfæri eru til sýnis, svo eitthvað sé nefnt. Sýningin er afar fræðandi, vel upp sett og segir sögu Sólheima og allt hið einstaka starf sem hefur farið þar fram.



Össur hf

Hópur hressra og duglegra starfsmanna /sjálfbærliða frá Össuri kom hingað og vann ýmis tilfallandi vorverk.

Verkefnið kallast

„**GIVE BACK**“ og er einskonar samfélagsverkefni. Við erum afar þakklát þegar fyrirtæki og hópar leggja okkur lið við fegrun byggðarhverfisins og viðhaldi ýmskonar með vinnuframlagi og jafnvel beinum styrkjum í ákveðin verkefni.



Skátafélag Sólheima

Skátafélag Sólheima var stofnað 30. október 1985 og fagnaði því 38 ára afmæli á árinu.

Í Skátafélagi Sólheima starfar ein sveit og er sveitarforingi Bjarkar Þór Sigurfinnsson, fundir eru haldnir reglulega.

Fulltrúar sóttu skátaping sem haldið var á Akureyri dagana 24.-26. mars.

Þann 19. febrúar var haldin skáta- og konudagsmessa í Sólheimakirkju. María K. Jacobsen flutti ávarp og skátakórinn söng við messuna, öllum voru færð blóm í tilefni dagsins.

Hátíðarhöld þann 17. júní á vegum sveitarfélagsins fóru fram í blíðskaparveðri á Sólheimum. Félagið tók virkan þátt í hátíðarhöldum dagsins og sá um fánaborg í skrudgöngunni, stóð heiðursvörð hjá Fjallkonunni, grillaði pylsur og vaktaði hoppukastala sem í boði var fyrir hátíðargesti.



Á haustmánuðum kom Skátahöfðingi í heimsókn ásamt starfsmanni BÍS þar sem þau höfðu lýst áhuga sínum á að halda skátaping 2024 á Sólheimum.

Nágrannar okkar á Selfossi, Fossbúar, buðu Skátafélagi Sólheima á kvöldvöku sína sem haldin var í Sunnulækjarskóla.

Félagið fagnaði 38 ára afmæli sínu í lok október og fór í tilefni dagsins í heimsókn á Úlfjótuvatn þar sem bæði Skátasafnið og Gilwell skálinn var skoðaður.

Þess verður að geta að hvorki fleiri né færri en fjórir skátar í Skátafélagi Sólheima fengu Þórshamarinn fyrir vel unnin störf fyrir skátafélagið og skátahreyfinguna:

Félagsforingi Skátafélags Sólheima er Valgeir Fridolf Backman.



Garðar Sólheima

Garðar Sólheima setja sterkan svip á umhverfið, fegra staðin og auka lífsgæði íbúa og þeirra sem staðin heim-sækja. Garðarnir eru til fræðslu og gleði fyrir íbúa og gesti Sólheima og um leið til að kynna það fjölbreytta og einstaka samfélag sem Sólheimar er.

Tröllagarður

Tröllagarður er vistmenningargarður (e. Permaculture) og passar mjög vel inn í hugmyndafræði og starf Sólheima. Sesselía Hreindís Sigmundsdóttir var frumkvöðull í lífeldri og lífrænni ræktun á Norður-löndum. Garðurinn er öllum opin og notaður sem heilunar- og matjurtagarður fyrir íbúa Sólheima. Í garðinum eru ræktaðar ýmsar kryddjurtir og grænmeti sem íbúar nýta sér. Yfir sumartímann sækja starfsmenn veitingastaðarins Grænu könnunar salat, krydd og skraut í veitingar hússins til yndisauka fyrir starfsmenn og gesti. Tröllagarðurinn skartaði sínu fegursta í ár og uppskera mikill.

Höggmyndagarður

Höggmyndagarðurinn var formlega opnaður á 70 ára afmæli Sólheima eða árið 2000. Í garðinum eru 14 afsteypur listaverka eftir frumkvöðla íslenskrar högg- myndalistar frá aldamótum 1900 til 1970.

Ljóðagarður

Í ljóðagarðinum eru fimm ljóðaskilti, með ljóðum sem hafa skírskotun til sólar, en þau eru eftir; Matthías Jóhannesson, Þórarinn Eldjárn, Þorstein frá Hamri, Vilborgu Dagbjartsdóttur og Guðmund Guðmundarson.

Orkugarður

Unnið er að endurbótum á Orkugarðurinn sem settur var upp fyrir nokkrum árum, en sýnir möguleika í sjálfbærri orkusöfnun og er miðstöð garðsins í Sesseljuhúsi.

Helstu kennileiti garðsins eru eða verða:

- Sólarorka** – Sólarcellur eru á þaki Sesseljuhúss.
- Vindorka** – Vindmilla er ofan við Sesseljuhús. Í viðgerð.
- Jarðvarmi** – Sólheimar hafa sína eigin hitaveitu.
- Vatnsorka** – Virkjunarhjól er við hitaveitu.
- Líforka** – Á Sólheimum er líforka bundin í fallegum skógi.

Kirkjugarður Sólheima

Kirkjugarðurinn var vígður árið 2012 og stendur austan megin við Sólheimakirkju, en þar hvíla;

Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir	f. 05.07.1902 - d. 08.11.1974
Elvar Björn Sigmundsson	f. 17.04.1943 - d. 27.11.1963
Hulda Hermannsdóttir	f. 08.06.1940 - d. 09.07.2000
Patrick Michael Gribbin	f. 29.09.1942 - d. 02.05.2014
Árni Alexandersson	f. 04.01.1941 - d. 01.06.2017
Rúnar Magnússon	f. 27.04.1946 - d. 21.10.2017
Lovísa María Erlendsdóttir (Jolanta Maria Zawadzka)	f.12.02.1949 - d. 22.08.2020

Minningarsteinn er fyrir alla þá íbúa sem hvíla á öðrum stöðum, blessuð sé minning þeirra.

Garður lífsins

Í garðinum er ráðgert að gróðursetja eitt tré fyrir hvert það barn sem fæðist hefur með lögheimili að Sólheimum. Í deiliskipulagi Sólheima er gert ráð fyrir þessum trjágarði á milli Bergmálshúss og Sólheimakirkju.

Þau börn sem fæðst hafa með lögheimili að Sólheimum;

Kamilla Gylfadóttir	30. nóv. 1989
Malín Gylfadóttir	5. sept. 1991
Hélène Rún Benjamínsdóttir	19. des. 1994
Auðbjörg Helga Guðmundsdóttir	23. mars 1996
Ýmir Már Cornelis	30. maí 1997
Ólavía Guðrún Gísladóttir fæddist	16. jan. 2002
Embla Líf Guðmundsdóttir	24. ág. 2004
Jakobína Björk Jónasdóttir	25. júlí 2006
Sigurður Thomsen	11. júní 2009
Nói Sær Guðmundsson	22. feb 2010
Ari Ófeigur Árnason	7. maí 2012
Guðsteinn Þór Sölvason	2. júlí 2013
Freydís Aría Ágústadóttir Backman	6. des. 2013
Sunneva Lou Bimier Axelsdóttir	23. des. 2013
Lenya Sophie Guenther	20. sept. 2014
Sólruv Ylfa Ágústadóttir Backman	15. júní 2015
Elísa Manon Bimier Axelsdóttir	17. júlí 2016
Hanna Brimís Egilsdóttir	26. mars 2020
Ingibjörg Lína Sigtryggsdóttir	17. Júlí 2022
Miah Bodhi Boudier	16. ág. 2022



FYRIRTÆKJASVIÐ SÓLHEIMA

Græna kannan, Verzlunin Vala og Kaffibrennsla Sólheima

Gestakomur í Völu og Grænu könnuna hafa aukist töluvert ár frá ári enda eru veitingarnar heimagerðar og vinsælar eftir því.

Listmunir frá listamönnum Sólheima eru orðnir gríðarlega vinsælir enda eru margir listmunir einstakir og handgerðir.

Sólheimatómatsúpan ásamt heimagerðu brauði, pestó og hummus heldur áfram að slá í gegn og seldust sem dæmi um 2.000 skammtar í almennri sölu.

Starfsmenn mótuneytis hófu að framleiða Döðlupestó sem hefur fengið góðar undirtektir og er það til sölu í Verzluninni Völu og í GK bakaríi á Selfossi.

Hinir ýmsu hópar eins og jóгахópar, kórar, skólahópar og fleiri eru tíðir gestir í gistingu og mat.

Sólheimar flytja inn lífrænt ræktaðar kaffibaunir og eru með kaffibrensluvél sem staðsett er í Grænu könnunni. Kaffið er brennt og malað á staðnum og pakkað í umhverfisvænar umbúðir. Kaffið er selt í Völu og í netverzlun Sólheima.

Umsjónarmaður Verzlunarinnar Völu og Grænu könnunnar er Ragnheiður Eggertsdóttir. Umsjónarmaður Kaffibrennslu Sólheima er Elda Faurelien.



Vefverzlun Sólheima

Vefverzlun Sólheima hefur mikið úrval listmuna og gjafavara sem viðskiptavinir kunna sannarlega að meta, enda gerðar til að gleðja!

Með vefverzluninni gefst tækifæri til að kynna listmuni og framleiðsluvörur Sólheima og eykur vefverzlunin aðgengi að vöruframboði Sólheima allan ársins hring. Við erum stöðugt að auka úrvalið svo allir sem heimsækja vefverzlunina okkar geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Árið 2023 var einstaklega gott það voru bæði einstaklingar og fyrirtæki sem keyptu jólagjafir fyrir starfsmenn og fjölskyldur sínar. Vefverzlunin er heimsótt af mörgum reglulegum og nýjum viðskiptavinum á hverjum degi. Á árinu náðum við tæplega 9.000 fylgjendum á Instagram og 15.000 fylgjendum á Facebook og þeim fjölga dag frá degi.

**Umsjónarmaður vefverzlunar er Jadwiga Górska
Aðstoðarmaður er Eypór K. Jóhannsson**



Skógræktin Ölur

Ölur var stofnaður árið 1991, þar sem farið var í öfluga gróðursetningu í landi Sólheima, en um 170 ha. af 250 ha. landi Sólheima eru skipulagðir undir skógrækt. Sólheimar eru í dag orðin sannkölluð gróðurvin, sem skapar gott skjól og laðar að sér mikið fuglalíf.

Uppbygging

Helst er frá því að segja að á árinu var fjárfest í vinnutæki fyrir Ölur, svokölluðum liðlétting. Einnig voru keyptir nýir plöntubakkar, ræktunargrindur og vökvunarkerfi sett upp í stóra gróðurhúsið í Ölri. Saman munu þessar fjárfestingar stuðla að auknum afköstum og hagkvæmni í skógarplöntuframleiðslu Sólheima.

Langhúsið (langa gróðurhúsið við Sunnu) var svo tekið í gagnið á ný eftir að hafa verið uppgert og ýmsar trjátegundir ræktaðar þar. Þá eru öll gróðurhús Sólheima orðin starfhæf á ný.

Gróðursetning

17.915 tré voru gróðursett í landi Sólheima þetta árið. Þá var öll vinna lögð í Kolefnisjöfnunarsamninga Sólheima. Skipting tegunda var eftirfarandi:

Alaskaösp	4.515
Gráölur	7.630
Ilmreynir	1.015
Ilmbjörk	1.080
Svartölur	3.675



Gróðursett var í vesturhluta spildu fyrir norðan þorpið.

Afhendingar

Í heildina voru afhentar 336.343 plöntur í Skógræktarstöðinni Ölri á árinu. Þar af var mest afhent af birki. Að auki var trjásölu komið upp fyrir framan Grænu könnuna.

Skipting afhendinga eftir tegundum var þannig:

Ilmbjörk	229.032
Alaskaösp	29.645
Gráölur	24.189
Sitkagreni	23.840
Svartölur	19.674
Rauðgreni	5.000
Annað	4.963



Forstöðumaður er Eiður Eypórsson, garðyrkjufraeðingur.



Garðyrkjustöðin Sunna

Garðyrkjustöðin Sunna heldur áfram sínu einstaka starfi sem hófst í upphafi 1930 og hafa Sólheimar oft verið kallaðir vagga lífrænnar ræktunar á Íslandi. Megin áhersla var á ræktun nokkurra tegunda tómata, kúrbít og eggaldin. Einnig voru kartöflur, sætar kartöflur og hinar ýmsu kryddjurtir ræktaðar ásamt fleiru. Tekinn var í notkun íslenskur sveppamassi til að rækta í og hefur það gefist einstaklega vel.

Á haustmánuðum var opnuð vinnustofa í Sunnu, með því skapast aukin tækifæri fyrir fatlaða einstaklinga með stuðningsþörf að vinna fjölbreytt störf og er mikil ánægja með þessa nýju áherslu.

Sunna er einnig áhugaverður staður fyrir nema og sjálfbóaliða sem koma til að vinna og fræðast um sjálfbærni og lífvæna ræktun, auk þess að kynna þvi hvernig það er að búa og starfa á Sólheimum.

Sunna seldi tómata og annað grænmeti til Samkaupa og Fjarðarkaupa og til nokkurra smærri aðila ásamt því að útvega eldhúsinu grænmeti og selja í Völu.

Forstöðumaður Sunnu er Jónína Kristín Kjartansdóttir





Sesseljuhús og gistiheimili Sólheima

Sesseljuhús umhverfissetur býður hópum, gestum og gangandi velkomna í leiðsögn um Sólheima.

Húsið sjálft er sýningarhús fyrir sjálfbærar byggingar og þar eru margir óhefðbundnir eiginleikar sem má skoða og læra af. Skólahópar leggja gjarnan leið sína hingað á vorin, bæði innlendir og erlendir skólahópar á öllum skólastigum, og það má segja að Hjalla-stefnuskólar og Waldorfskólinn séu orðnir fastagestir.

Listasýningin ONÍ eftir myndlistakonuna Guðrúnu Arndísi Tryggvadóttur var sýnd í sýningarsal Sesseljuhúss í sumar. Hún var opnuð í tengslum við Menningarveisluna. Verkin voru stór og mikil og nutu sín vel í rýminu.

Á Sólheimum eru rekin tvö gistiheimili, **Brekkukot** og **Veghús**, með gistipláss fyrir allt að 46 manns og voru þau þétt setin þetta sumarið. Árið 2023 voru gistinætur yfir 7 þúsund og 12% meiri nýting miðað við árið á undan sem ber að fagna. Mest er þetta hinn almenni ferðamaður sem kemur að Sólheimum til gistingar, en einnig eru alls kyns hópar sem koma hingað og upplifa staðinn. Má þar nefna Mutpol hópur frá Þýskalandi og CELL nemendur frá Bandaríkjunum sem dvöldu hér í lengri tíma og fengu að njóta alls sem Sólheimar hafa upp á að bjóða. Hefð er orðin fyrir því að jóga- og hugleiðsluhópar sæki Sólheima. Einnig hafa kórbúðir færst í aukana enda með eindæmum góð æfingaraðstaða fyrir slíka starfsemi hér með bæði kirkju og samkomuhús við hlið gistiheimilanna.



Tómasarsmiðja

Verkefni viðhaldsdeildar 2023 voru fjölbreytt eins áður, fyrir utan föst verk og árstíðabundin eins og sorphirðu, snjómokstur og hálkuvörn, slátt á grasi, almenna umhirðu á svæðinu, uppsetningu á jólalýsingu, daglegt viðhald, umsjón með hænsna-búi, hitaveitu, hreinsistöð ásamt utanumhald um og verktaka sem koma í ýmis verk.

Helstu verkefni viðhaldsdeildar og styrktarsjóðs á árinu sem kostaðar eru af Styrktarsjóði Sólheima

- Baðhúsið-** Húsið klárað að innan, settir upp bekkir, skápar, speglar, hreinlætistæki, og fl. sundlaugin opnuð.
- Birkihlíð-** Gert við leka í eldhúsi og skipt um gólfefni.
- Selhamar K-** Baðherbergi endurnýjað, baðkar tekið og sett sturta.
- Undirhlíð-** **6-10** og **12-18**, Skipt um neysluvatnslagnir í báðum húsum og gert við lekaskemmdir.
- Sesseljuhús-** Skipt um torfhaldara og þakkanta, gert við þakglugga, sett nýtt uppbyggt þak á tengibyggingu við sýningasal.
- Undirhlíð-** **1-9** og **11-19**, Gert við glugga, skipt um klæðningu á veggjum og þakköntum eftir þörfum, og bæði húsin máluð að utan.
- Sólpallar-** Sólpallar kláraðir við Undirhlíð **11-19**.
- Upphæðir-** **5** og **9**, Skipt um þakkanta og torfhaldara, byrjað á viðgerð á gluggum og klæðningu.
- Upphæðir 7-** Skipt um klæðningu á suðurgafli.
- Krókur-** Húsið málað að innan, nýtt parket og ný eldhúsinnrétting.
- Tunnuskýli-** Smíðuð voru 8 tunnuskýli, og sett upp á svæðinu.
- Jólalýsing-** Bætt var við jólalýsingu bæði á hús og tré og eldri lýsing endurnýjuð.



Verkefni framundan 2024

Íþróttaleikhúsið-	Salerni fatlaðra á efri hæð lagað og opnað fram í anddyri, parket slípað, lakkað og merkt og húsið allt málað að utan.
Undirhlíð 6-10 og 12-18	Mála bæði húsin að utan.
Upphæðir 5,7,og 9	Gera við glugga og mála húsin að utan.
Hraunprýði-	Endurnýja neysluvatnslagnir.
Græna kannan-	Útlit að utan klæðning og gluggar.
Gangstígar-	Við Sólheimahús að íþróttaleikhúsi taka upp og endurleggja.
Snjóbræðsla-	Við Vigdísarhús, Ingustofu o.fl. þarf að endurleggja.

Forstöðumaður viðhalds og framkvæmda er Þorvaldur Kjartansson.



Rampað upp á Sólheimum

Það var einstaklega gott að fá símtal frá forsvarsmönnum verkefnisins „Römpum upp Ísland“ fimmtán rampar voru kláraðir árið 2023 og áætlað er að bæta við öðru eins og rúmlega það árið 2024, sem gera samtals yfir 30 rampa.

Við erum full þakklætis þessu góða fólki sem hugsar vel til okkar.

Styrktarsjóður Sólheima

Styrktarsjóður Sólheima var stofnaður árið 1986 og starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Á árinu 2015 var gerð breyting á skipulagsskrá sjóðsins og fellur starfsemi hans undir lög um sjálfseignastofnanir í atvinnurekstri.

Hlutverk Styrktarsjóðs er:

- Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda á Sólheimum.
- Að veita styrki eða lán til kaupa á verkfærum og áhöldum.
- Að veita styrki eða lán til námsdvala á sviði er tengist starfi Sólheima.
- Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frístundastarf íbúa Sólheima.

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir eða annars konar húsnæði. Honum er heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri. Sjóðurinn annast útleigu og rekstur á íbúðarhúsnæði að Sólheimum.

Íbúðarhúsnæði í útleigu:

- 33 íbúðir, ýmis í raðhúsum, parhúsum eða í fjölbýli.
- 1 herb. samþýli með sameiginlegum kjarna.
- 9 íbúðareiningar fyrir heldri borgara.
- 13 einbýlishús.
- 3 hús með íbúðakjörnum, = 8 íbúðir.


Atvinnuhúsnæði í útleigu

- Ólasmiðja, verkstæði og vinnustofur.
- Ingustofa, verkstæði og vinnustofur.
- Sesseljuhús, umhverfisetur.
- Tómasarsmiðja, verkstæði, slökkvistöð og áhaldahús.
- Gistiheimili.

Heildar húsakostur Sólheima er um 17.000 fm.

Styrkir – sjóðir

Í samræði við hlutverk og tilgang sjóðsins eru í umsjón hans fjórir sjóðir eða reikningar; Orlofs- og starfsmenntasjóður, Menningarsjóður, Atvinnuþróunar-sjóður og Péturssjóður.



Tölulegar upplýsingar

Miðað við desemberlok 2023



Yfirlit fasteigna

Íbúðarhúsnæði

Sambyli, sérbyli auk íbúða starfsmanna sem byggð hafa verið á tímabilinu 1932 til ársins 2013

samtals 4.964 m²

Þjónustuhúsnæði

Sólheimahús, Vigdísarhús, sundlaug, Íþróttaleikhús, Græna kannan, viðbygging við Grænu könnuna Sólheimakirkja og Tómasarsmiðja Nesjavallahús (Hraunprýði) c. 350 m²

samtals 4.422 m²

Atvinnuhúsnæði

Gistiheimilið Brekkukot, Ólasmiðja, Ingustofa, Sesseljuhús, Garðyrkjustöðin Sunna, Skógræktarstöðin Ölur og Verslunin Vala

samtals 5.994 m²

Annað húsnæði

Skakkiskóli, Safnhugahús, Hitaveituhús, Upphæðir 3, Upphæðir 15, Efstaland 12, Bergmálshúsið
Og nýja baðhúsið sem er 84m²

samtals 1.060 m²

Húsnæði á Sólheimum alls

16.440 m²



Fjöldi starfsmanna hjá Sólheimum ses. 74

Fjöldi starfsmanna hjá Sólheimasetri ses. 14

Fjöldi íbúa með lögheimili á Sólheimum 96

Fjöldi fatlaðra íbúa með búsetu á Sólheimum 45
Þar af 18 konur og 27 karlar

Fjöldi barna 0-16 ára 8

Fjöldi íbúa með lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi 525



Samstarfsaðilar Sólheima

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Mennta- og barnamálaráðuneytið
Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Grímsnes- og Grafningshreppur
Sveitarfélagið Árborg
Bergmál, líknar-og vinafélag
Vinnumálastofnun
Camphill hreyfingin
Solákra í Järna í Svíþjóð
Marlí í Lübeck í Þýskalandi
Íslensk erfðagreining
GEN- Alþjóðasamtök sjálfbærra byggðahverfa
Veraldarvinir
SEEDS
Vatnsvirkinn
Landsvirkjun
Íslandsbanki

Landsbankinn
Fjölmennt
CELL- Center for Ecological Living and learning
Orkusalan
Securitas
TRS Selfossi
One systems
Alvogen
Nettó
Hrím
Lionsklúbburinn Ægir
Lions á Íslandi
Heimilistæki
PFAFF
Tryggingarstofnun
Húsasmiðjan
Byko